

## 23. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 02.04 2019, kl. 13:30

---

Mættir voru allir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. **Skýrsla oddvita**
2. **Gistihús** Fljótsdalshrepps, ráðstöfun lausamuna
3. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2018 , fyrri umræða**
4. **Fjallskilamálefni**
  - a) Fundargerð fjallskilaneftdar 26.03 2019
  - b) Endurskoðun fjallskilasamþykktar
  - c) Önnur mál
5. **Samfélagsþing 12-13. apríl, undirbúningur**

Fundir Samfélagsneftdar 07.03-22.03 og 27.03 2019
6. **Samningur við Austurbrú 2019**
7. **Styrkvegir 2019**
8. **Bréf**
  - a) Eftirlitsneftnd með fjármálum sveitarfélaga 07.03 og 18.03 2019
  - b) Umhverfisstofnun dags. 13.03 2019
  - c) Ferðamálastofa dags. 13.03 2019
  - d) EBÍ Brunabót dags. 25.03 2019
9. **Menntunarstyrkir**

Kerstin König
10. **Fjárbeiðnir**

Krabbameinsfélag Íslands
11. **Fundargerðir**
  - a) Svæðisskipulagsneftnd SSA 11.02 2019
  - b) Aðalfundur Ársala bs 12,.03 2019
  - c) Kynningarfundur um Kröflulínu 3, 11.03 2019
  - d) Húsneftnd Végarðs 25.03 2019

- e) Brunavarnir á Austurlandi 19.03 2019
- f) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 20.02 2019

## 12. Önnur mál

### 1. Skýrsla oddvita

Hjörleifur Guttormsson, hefur sent Fljótsdalshreppi afrit af 2 greinum sem hann hefur ritað (Jökull no 64 2014 og Jökull no 68 2018) „ Emmýjarhnjúkur skal hann heita“ og Upprifjun um Grímsvatnajökul, Vatnajökulsveg og Holuhraun“. Hjörleifur vinnur nú að því að rannsakaður verði gamli kirkjugarðurinn á Valþjófsstað , ásamt að leit verði gerð að grunni stafkirkjunnar fornu.

Landsnet var með kynningarfund um fyrirhugaðar framkvæmdir við Kröflulínu 3, fyrir sveitarstjórn, landeigendur /umráðamenn lands þar sem línan fer um o.fl. í Végarði 11.mars sl.

Útlendingastofnun kannar vilja sveitarfélaga til að gera þjónustusamninga við Útlendingastofnun vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli sveitarfélaga á álitum umboðsmanns Alþingis mál nr. 9561 , sem birt er á heimasíðu umboðsmanns, en þar segir „ *Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður há sveitarfélagi og veitir þeim lausn frá stafi. Um ráðningu annarra starfsmanna annast framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða með almennum fyrirmælum“:*

Austurbrú vekur athygli á að Ferðamálastofa hafi upplýst um að þeir fjármunir sem Ferðamálastofa hefur ráðstafað til upplýsingastöðva í hefðbundnum rekstri , verði í framtíðinni í auknum mæli ráðstafað til að miðla upplýsingum með stafrænum hætti. Með hliðsjón af áformum Ferðamálastofu telur Austurbrú ástæðu til að hafa áhyggjur af rekstri landshlutamiðstöðvar Austurlands, í Húsi Handanna.

Ekki fannst nýr eigandi að gamla píanóinu í Végarði og hefur því verið hent.

### 2. Gistihús Fljótsdalshrepps við Végarð , ráðstöfun lausamuna

Samþykkt að þeir munir sem ekki stendur til að nota í gistihúsarekstrinum verði boðnir íbúum, þeim að kostnaðarlausu og dregið milli manna ef eftirspurn eftir einstökum gripum er umfram framboð. Það af munum sem eftir verða og ekki finnast önnur not fyrir verður hent. Sjö gömlum túbusjónvörpum hefur þegar verið hent. Eignalisti gistihúsa verður leiðréttur þegar munir hafa gengið út eða verið hent.

### 3. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2018 , fyrri umræða

Kynnt og eftir umræður var reikningnum vísað til annarar umræðu.

### 4. Fjallskilamálefni

- a) Fundargerð fjallskilaneftdar 26.03 2019.

Kynnt. Á fundi Fjallskilaneftndar var rætt um að setja upp safnhólf á Þuríðarstöðum fyrir fé sem kemur afrétt Undan- Fellum og jafnvel úr Rana. Það kallar á sett verði upp girðing. Fjallskilastjóra falið að vinna málið áfram.

Á fundi fjallskilaneftndar var einnig gerð tillaga að viðmiðunartöxtum vegna greiðslna fyrir fjallskil og er það mál til frekari skoðunar hjá sveitarstjórn.

b) Endurskoðun fjallskilasamþykktar.

Meðfylgjandi drögum að nýrri fjallskilasamþykkt, er bókun frá starfshópi um endurskoðun á fjallskilasamþykkt Múlasýslna:

„Starfshópur um endurskoðun Fjallskilasamþykktar Múlasýslna beinir því til sveitarstjórna á Austurlandi að taka saman skrá yfir afrétti og upprekstrarheimalönd innan sveitarfélaga sinna. Einnig hvetur starfshópurinn til að hvert sveitarfélag vinni búfjársmþykktir sem gilda innan þeirra. Slíkt myndi auðvelda fjallskil og eftirlit með þeim“.

Kynnt. Sveitarstjórn tekur undir með starfshópnum varðandi þessi atriði.

Fjallskilaneftnd fór yfir drög að fjallskilasamþykkt og bókaði eftirfarandi:

Athugasemdir og ábendingar við drög að breytingum á Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur dagsettar 1. mars 2019.

1. grein. Ástæðulaust að breyta þeirri grein. Þar standi áfram gróðurverndarneftndir.

14. grein. Hver er munurinn á heimalöndum og afréttarheimalanda?

20. grein. Fella út orðið landeigendur.

22. grein. Bæta við þá grein. „Þurfi, að mati fjallskilastjóra, endurtekið að smala fé frá sama búfjáreiganda af afrétt og/eða upprekstrarheimalandi eftir löggöngur, ber búfjáreigandinn þann kostnað að fullu.“ Neftndin leggur til eftirfarandi viðbót við greinina: „Sama á við um þau smalavæði þar sem fé er að koma eftir löggöngur ár eftir ár“.

Ábending um að það hafi slæðst inn villa í 11. grein orðið „heimalönd“ þar sem ætti standa „upprekstrarheimalönd“.

Oddvita falið að koma ábendingum fjallskilaneftndar til starfshóps um endurskoðun fjallskilasamþykktar.

c) Önnur mál.

Fjallskilastjóri kynnti samantekt um smöln á fé eftir göngur. Eftir löggöngur hefur verið smalað 138 kindum, flest úr Múla, Kíðafelli og Suðurbyggð. Einnig kynnti hann bréf dags. 24. mars, sem hann hefur ritað til Mast og varðar þessi mál, afrit var sent Fljótsdalshreppi.

Tölvupóstur frá Matvælastofnun dags. 12.03 2019, sendur Fljótsdalshreppi og fjallskilaneftnd til kynningar. Varðar fyrirspurn um fjárflutninga frá Víðivöllum fremri, á milli Suðurfjarðarhólfs og Héraðshólfs. Kynnt.

**5. Samfélagsþing 12-13. apríl, undirbúningur**

Fundir Samfélagsneftndar 07.03-22.03, 27.03 2019 og 2.4.2019.

Undirbúningur þingsins stendur yfir og eru íbúar og aðrir sem áhuga hafa á, hvattir til að mæta.

## 6. Samningur við Austurbrú 2019

Kynnt og oddvita falið að skrifa undir samninginn.

## 7. Styrkvegir 2019

Oddvita falið að sækja um í styrkvegasjóð vegna vegarins í Glúmsstaðasel.

## 8. Bréf

a) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 07.03, varðar fyrirhugaða fjárfestingu í fjárhagsáætlun Fljótisdalshrepps 2019, nefndin óskar eftir skýringum þar sem henni sýnist að fyrirhuguð einstök fjárfesting fari yfir 20% af skatttekjum ársins. Kynnt. Endurskoðandi sveitarfélagsins mun vinna greinagerð til nefndarinnar fyrir Fljótisdalshrepp. Annað bréf frá EFS dags. 18.03 2019 og varðar það almennt eftirlit með fjármála- og fjármálsstjórn sveitarfélaga. Kynnt.

b) Umhverfisstofnun dags. 13.03 2019. Varðar friðlýsingu Hengifoss. Frestað.

c) Ferðamálastofa dags. 13.03 2019.

Varðar synjun á umsókn Fljótisdalshrepps í Framkvæmdasjóð ferðamanastaða 2019, vegna fyrirhugaðrar byggingar þjónustuhúss við Hengifossá. Kynnt. Óskað hefur verið eftir skriflegum rökstuðningi á höfnun umsóknar.

Oddviti sagði frá því að umsókn rekstraraðila Laugarfellsskála hefði einnig fengið höfnun. Sótt var um styrk úr sjóðnum til að bæta sturtuáðstöðu við heitar laugar.

d) EBÍ Brunabót dags. 25.03 2019. Vegna umsókna 2019. Umsóknarfrestur er til aprílloka. Kynnt.

## 9. Menntunarstyrkir

Kerstin König. Samþykktur styrkur vegna námsскеiðs, 25.000 kr..

## 10. Fjárbeiðnir

Krabbameinsfélag Íslands. Samþykktur 15.000 kr. styrkur vegna Mottumars.

## 11. Fundargerðir

a) Svæðisskipulagsnefnd SSA 11.02 2019.

Vegna liðar 1. í fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 11. febrúar 2019, samþykkir sveitarstjórn breytta lýsingu svæðisskipulags Austurlands, sem tekur tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar.

b) Aðalfundur Ársala bs 12.,03 2019. Kynnt.

c) Kynningarfundur um Kröflulínu 3, 11.03 2019. Kynnt.

d) Húsnefnd Végarðs 25.03 2019. Fundargerð kynnt og staðfest.

e) Brunavarnir á Austurlandi 19.03 2019.

Verið er að ganga frá ráðningu Haralds Geirs Eðvaldssonar aðstoðarslökkviliðsstjóra , í starf slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi, í stað Baldurs Pálssonar sem lætur af störfum n.k. sumar.

f) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 20.02 2019. Kynnt.

## 12. Önnur mál

- a) Yfirfarin íbúaskrá 01.12 2019. Íbúar þá 73 og hefur fækkað um 3 frá fyrra ári.
- b) Oddviti var minntur á að festa nafnið Fljótisdalsgrund á gistihús við Végarð og niðurstaðan er að óskað verði eftir við Þjóðskrá að stærra gistihúsið fái það heiti í fasteignaskrá.

Fundi slitið klukkan 19:25

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Anna Jóna Árnarsdóttir

Lárus Heiðarsson

Jóhann F. Þórhallsson

Eiríkur J. Kjerúlf